



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

Í sumar hafa farið fram ýmsir viðburðir og fjölbreytt starf í Hvalfjarðarsveit með hliðhollu veðri og haustið virðist ætla að halda áfram í sama anda með björtum og hlýjum dögum.

17. JÚNÍ

Hátíðarhöld á 17. júní fóru fram í Heiðarskóla. Ræðumaður dagsins var Sr. Þráinn Haraldsson, sóknarprestur í Saurbæjarprestakalli og fjallkona var Karen Líndal Marteinsdóttir sem flutti ljóðið Sveitasæla eftir Steingrím Thorsteinsson.

Kór Saurbæjarprestakalls söng nokkur létt lög undir stjórn Davids Curtright og Gróu Valdimars, leiklistarhópurinn Melló sýndi atriði úr leikritinu Gauragangi, Solla og Íþróttáálfurinn úr Latabæ kíktu í heimsókn og félagar úr Hestamannafélaginu Dreyra teymdu undir þá sem vildu. Þá mætti Lalli töframaður einnig á svæðið með töfra, gleði og grín og galdraði fram blöðrudýr fyrir krakkana auk þess sem boðið var upp á andlitsmálun, hoppukastala, grillaðar pylsur, kaffi og kræsingar.

Dagurinn var vel heppnaður og þakkar Hvalfjarðarsveit öllum sem mættu á viðburðinn kærlega fyrir komuna og sendir Tónlistarfélagi Hvalfjarðarsveitar og kór Saurbæjarprestakalls sérstakar þakkir fyrir að skipuleggja og halda utan um hátíðarhöldin með glæsibrag.

Sjá fleiri myndir [hér](#).



HVALFJARÐARDAGAR 2025

Hvalfjarðardagar fóru fram dagana 14.–17. ágúst sl. með fjölbreyttri dagskrá sem spannaði fjóra daga.

Hátíðin hófst á fimmtudagskvöldi með litahlaupi Ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar á Vinavelli þar sem þátttakendur böðuðu sig í litum. Um kvöldið tók svo við Pubquiz með Hjálmari Erni á Hámel 8.

Á föstudeginum var fjölskylduvæn dagskrá, meðal annars útileikir fyrir börn á Vinavelli, plötusnúður og fatasund í sundlauginni að Hlöðum og síðar um kvöldið var boðið upp á kjötsúpu og brekkusöng á Vinavelli.

Laugardagur var þéttskipaður með skemmtilegum viðburðum fyrir alla aldurshópa. Deginum var ýtt úr vör með skemmtiskokki fyrir alla fjölskylduna. Markaður og veglegt kökulaðborð var á vegum Kvenfélagsins Lilju í stjórnsýsluhúsi sveitarfélagsins þar sem einnig var sett upp listasýning leikskólans Skýjaborgar. Á Vinavelli fór fram fjölskyldudagskrá með töfrabrögðum og dansi, Benedikt búálfur kíkta í heimsókn, hoppukastalar voru á svæðinu ásamt því að boðið var upp á pylsur.

Umhverfisviðurkenningar sveitarfélagsins voru jafnframt afhentar en í ár hlutu íbúar að Hlíðarbæ 18, hjónin Brynhildur Bjarnadóttir og Kristján Karl Hilmarsson viðurkenningu fyrir snyrtilegasta garðinn. Viðurkenningu fyrir snyrtilegasta býlið hlutu ábúendur á Eystra-Súlunesi I og II, hjónin Helgi Bergþórsson og Sigrún Ólafsdóttir og hjónin Björgvin Helgason og Dagný Hauksdóttir. Umhverfisviðurkenning er veitt þeim sem skara framúr í snyrtimennsku og umhirðu garða sinna eða býlis og er ofangreindum óskað innilega til hamingju.

Dagskrá laugardagsins lauk síðan um kvöldið með vel sóttum tónleikum hljómsveitarinnar GÓSS í Álfholtsskógi.

Á sunnudag var enn nóg um að vera, íbúar og gestir gátu tekið þátt í keramikmálun á Leirá, notið fjölskyldudags í sundlauginni að Hlöðum, farið í göngu með Útiverum og sótt opið hús í Vatnaskógi. Hátíðinni lauk svo með gusutíma í sundlauginni að Hlöðum.

Hvalfjarðardagar 2025 voru vel heppnaðir og þakkar Hvalfjarðarsveit öllum sem mættu kærlega fyrir komuna. Hvalfjarðarsveit vill einnig færa öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til skipulagningar og framkvæmdar hátíðarinnar, sem og þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gerðu Hvalfjarðardaga 2025 að veruleika, kærar þakkar fyrir þeirra aðkomu og vinnu.

Sérstakar þakkar fá verkefnastjórar Hvalfjarðardaga 2025, þeir Valdimar Ingi Brynjarsson og Hjörvar Gunnarsson, fyrir að skipuleggja og halda utan um hátíðarhöldin með glæsibrag.



Sjá fleiri myndir [hér](#).

AÐRIR VIÐBURÐIR OG STARFSEMI Í SUMAR

Vinnuskóli Hvalfjarðarsveitar, sem ætlaður er ungmennum á aldrinum 14–17 ára, var vel sóttur í sumar, næg verkefni voru á hans vegum, þeim vel sinnt og er bæði nemendum og starfsfólki þakkað fyrir vel unnin störf sumarsins.

Hið árlega og vinsæla SumarGaman, frístunda- og leikjanámskeið fyrir börn í 1. - 4. bekk var haldið í júní og ágúst með góðri þátttöku. Námskeiðin fóru fram í Furuhlíð, aðstöðu Skógræktarfélags Skilmannahrepps í Álholtsskógi og eru félaginu færðar bestu þakkir fyrir afnotin í því einstaka umhverfi sem skógurinn er.


Sundlaugin að Hlöðum naut mikilla vinsælda gesta í sumar og fengu nýir rekstraraðilar góðar viðtökur. Þar voru haldnir fjölbreyttir viðburðir, m.a. fjölskyldudagur, tónleikar og hin skemmtilega wipeout-braut vakti mikla lukku auk þess sem nýr saunaklefi var vel nýttur.

Fjölmarginir aðrir viðburðir fóru fram sem sveitarfélagið styrkti með því að veita endurgjaldslaus afnot af Miðgarði eða í gegnum Menningarsjóð eða Íþrótt- og æskulýðssjóð Hvalfjarðarsveitar. Þar má nefna að í Miðgarði stóð Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar, í samstarfi við Leik og Sprell, fyrir vel heppnuðu söng- og leiklistarnámskeiði fyrir börn fædd 2012–2015 auk þess sem fram fór glæsileg sumartónleikaröð í Hallgrímskirkju í Saurbæ og ýmislegt annað sem ekki er upptalið hér.

Hvalfjarðarsveit færir öllum einstaklingum, samtökum, félögum og fyrirtækjum sem leggja sitt af mörkum til að auðga mannlíf og menningu í sveitarfélaginu kærar þakkir fyrir.



SumarGaman



*Wipeout - braut í
Sundlauginni að Hlöðum*

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Síðasta fréttabréf sem kom út var sumarritið og var þar farið yfir hin ýmsu málefni, sjá [hér](#).

Á fundi nr. 416 var ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2024 lagður fram til fyrri umræðu. Á fundi sveitarstjórnar nr. 417 var samþykkt að ganga til samninga við Jónas Guðmundsson ehf. í verkið „Göngustígur við Eiðisvatn“. Á sama fundi var ársreikningur 2024 samþykktur í síðari umræðu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð og fjárhagsstaða sveitarfélagsins sterk, með handbært fé að fjárhæð 1,9 milljarðar króna.



Sem er styrkur til framtíðar innviðauppbýggingar s.s. byggingu nýs íþróttahúss sem nú er í fullum gangi, nýs leikskóla, gatnagerðar nýs áfanga í Melahverfi auk annarra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru. Á fundinum var samþykktur samningur um rekstur sundlaugarinnar á Hlöðum til tveggja ára ásamt nýrri gjaldskrá. Þá var einnig endurnýjaður samstarfssamningur við Skógræktarfélag Skilmannahrepps.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 418 voru ýmis mál tekin fyrir frá Mannvirkja- og framkvæmdanefnd sem og Velferðar- og fræðslunefnd þar sem sveitarstjórn staðfesti og samþykkti bókanir nefnda. Á fundi nr. 419 voru samþykktar breytingar á gjaldskrár byggingar- og skipulagsfulltrúa auk þess sem tillaga að framkvæmd 1. áfanga Melahverfis III var samþykkt.

Á fundi nr. 420 var bókað um barnaþing sem haldið var í Heiðarskóla 23. apríl sl. Samantekt frá barnaþinginu var vísað inn til kynningar í allar nefndir sveitarfélagsins. Á fundi nr. 421 voru ýmis mál tekin fyrir, þar á meðal tilkynning um fyrirhuguð starfslok skólastjóra Heiðarskóla, Sigríðar Láru Guðmundsdóttur, sem bæði Velferðar- og fræðslunefnd og sveitarstjórn þökkðu tímanlega upplýsingagjöf sem og að hennar framlag væri mikils metið. Sveitarstjóra, í samvinnu við deildarstjóra Velferðar- og fræðsludeildar, var falið að hefja undirbúning að ráðningarferli nýs skólastjóra, sem taki við starfi eigi síðar en haustið 2026.

Á fundi nr. 422 var samþykkt að ganga til samninga við K16 ehf. vegna framkvæmda við 2. áfanga íþróttahúss við Heiðarborg. Þá var samþykkt að gengið yrði til samninga við Borgarverk ehf. um verkið Melahverfi III-gatnaframkvæmd. Ýmis mál frá Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd voru tekin fyrir þar á meðal er varða starfsleyfi Elkem Ísland og Norðuráls Grundartanga, stöðuleyfi og fleira.

Á fundi nr. 423 var framlagt rekstraryfirlit janúar til mars 2025. Á fundi nr. 424 voru ýmis mál tekin fyrir frá Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd.

Samþykkt var að framlengja samningi við Skagaverk ehf. um skólaakstur í samræmi við ákvæði samningsins þar um eða til 31. júlí 2026 sem er þriðji og síðasti áfangi framlengingar en áður hefur hann verið framlengdur tvisvar sinnum.

Á fundi nr. 425 var tekin fyrir áskorun frá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar vegna fyrirhugaðra verndartolla ESB á kísiljárn og tengdar vörur frá Íslandi, sjá áskorun [hér](#). Áskorunin var send ráðherrum, þingmönnum Norðvesturkjördæmis og fréttamiðlum þann 28. júlí sl. Þann 31. júlí sl. áttu fulltrúar frá Hvalfjarðarsveit og Akraneskaupsstað fund með Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur utanríkisráðherra vegna málsins. Farið var ítarlega yfir málið og ráðherra voru kynntar áskoranir/ályktarnir beggja sveitarstjórna í málinu.

Á fundi nr. 426 staðfesti sveitarstjórn bókun Mannvirkja- og framkvæmdanefndar vegna nýs leikskólahúsnæðis í Melahverfi. Þar var hönnun á innra skipulagi leikskólans samþykkt með breytingum á þakgerð. Samþykkt var að fela verkefnastjóra framkvæmda og eigna að bjóða út verkfræðihluta hönnunar leikskólans í lokuðu útboði. Þá var fjallaskilaseðill Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2025 samþykktur, sjá nánar síðar í fréttabréfi. Á sama fundi var jafnframt staðfest bókun USNL nefndar vegna Krosslands, opin svæði/leiksvæði og samþykkt var að fela Umhverfis- og skipulagsdeild að ganga frá drögum að samkomulagi milli landeigenda og að hefja vinnu við gerð aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulagsbreytingar og gerð merkjalýsinga vegna fyrirhugaðra landskipta.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir, sjá fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar [hér](#).

SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐIN HEIÐARBORG

Framkvæmdir nýs íþróttahúss við Heiðarborg ganga vel en nú er hafinn annar áfangi byggingarinnar og er það K16 ehf., sami verktaki og var með fyrsta áfanga, sem sér um verkið er felur í sér frágang innanhúss, lagnir, innréttingar og búnað ásamt lóðafrágangi. Verklok eru 1. ágúst 2026.

Efla verkfræðistofa mun líkt og áður sjá um verkeftirlit framkvæmda en umsjón með verkinu fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar hefur Hlynur Sigurdórsson, verkefnastjóri framkvæmda og eigna hjá Umhverfis- og skipulagsdeild sveitarfélagsins.

Í tengslum við þessa uppbyggingu er mikilvægt að hefja markvissan undirbúning að mótun framtíðarsýnar fyrir Samfélagsmiðstöð í Heiðarborg með það að markmiði að nýta húsnæðið sem best. Einnig að stuðla að fjölbreyttri starfsemi sem þjónar öllum aldurshópum og samfélagsþátttöku í sveitarfélaginu.

Á fundi Velferðar- og fræðslunefndar 4. september 2025 var málefni samfélagsmiðstöðvarinnar Heiðarborgar tekið fyrir og var þar bókað að Velferðar- og fræðslunefnd leggur ríka áherslu á að hefja undirbúning að mótun framtíðarsýnar fyrir Samfélagsmiðstöð í Heiðarborg.

Nefndin telur brýnt að leggja sérstaka áherslu á:

- Að móta heildarsýn og skilgreina hlutverk Samfélagsmiðstöðvar í þágu lýðheilsu, forvarna og samfélagsþátttöku.
- Að tryggja samræmt skipulag og framtíðarhugsun milli nýja og eldri hluta húsnæðisins.
- Að efla samstarf við hagaðila á svæðinu, m.a. skóla, íþróttar-, menningar- og æskulýðsfélög, sem og eldri borgara.
- Að skipuleggja rekstrar- og framkvæmdaáætlun til lengri tíma.

Til að tryggja fagleg vinnubrögð og samfellu í verkefninu leggur nefndin til við sveitarstjórn að samið verði við Guðmundu Ólafsdóttur, í samræmi við framlagða verk- og tímaáætlun, um verkefnastjórn um mótun heildarsýnar fyrir Heiðarborg sem Samfélagsmiðstöð.



Myndir frá Skessuhorni.

SKÝJABORG - NÝTT LEIKSKÓLAHÚSNÆÐI

Undirritaður hefur verið samningur við Andrúm arkitekta ehf. um arkitekta- og landslagshönnun nýs leikskólahúsnæðis í Melahverfi. Helstu verkefni skv. samningnum eru gerð þarfagreiningar, hönnun á nýjum leikskóla ásamt frágangi lóðar auk gerð verklýsinga og kostnaðaráætlunar fyrir hvern verkþátt svo bjóða megi verkið út. Verklok ráðgjafa eru þegar lokaúttekt nýs leikskóla hefur farið fram og reyndarteikningar hafa verið lagðar inn til byggingarfulltrúa.



Samningurinn kveður á um að fullnaðarhönnun skuli lokið 15. desember nk. og að útboð verkframkvæmdar fari fram í febrúar 2026 með upphafi framkvæmdartíma í apríl 2026 og verklokum sumarið 2027.

Verkefninu miðar vel áfram og var, eins og áður kom fram, samþykkt á 426. fundi sveitarstjórnar, innra skipulagi leikskólans með breytingum á þakgerð, ásamt því að verkefnastjóra framkvæmda og eigna var falið að bjóða út verkfræðihluta hönnunar leikskólans í lokuðu útboði.

1. ÁFANGI MELAHVERFIS III

Undirritaðir hafa verið samningar vegna gatnaframkvæmda í Melahverfi, annars vegar verksamningur við Borgarverk ehf. um gatnaframkvæmdina og hins vegar samningur við Verkís ehf. um verkeftirlit framkvæmdarinnar. Verkefninu miðar vel áfram en verklok framkvæmda er 30. desember 2025.

Samningarnir sem eru sameiginlegir með RARIK og Veitum ohf. felast í jarðvegsskiptum gatna, lagningu fráveitu, vatnsveitu, hitaveitulagna og ljósastaura.

Byggingarmagn innan 1. áfanga eru 3 einbýlishús, 4 parhús og 5 raðhús en nánari upplýsingar má finna í deiliskipulagi [DSK-1 1200 A2P](#) og greinargerð þess [100577-03-grg-001-v05-melahverfi-iii.pdf](#)

Við skipulagsgerð 3. áfanga Melahverfis var markmiðið að bjóða upp á fjölbreytta búsetukosti hvað varðar stærð og gerð íbúðarhúsnaðis og mynda sterka þéttbýlisheild.





OPIÐ SVÆÐI/LEIKSVÆÐI Í KROSSLANDI

Á 83. fundi Mannvirkja- og framkvæmdanefndar þann 12. ágúst 2025 var fjallað um fyrirhugað leiksvæði í Krosslandi og kynnt drög að leiksvæðaskipulagi, staðsetningu leiktækja ásamt fleiri tillögum. Einnig var lögð fram fornleifaskýrsla sem unnin var af Fornleifastofnun Íslands.


Fyrirhugað leiksvæði er í samræmi við framkvæmdaáætlun Hvalfjarðarsveitar. Unnið hefur verið að því að skipta á landsvæði sveitarfélagsins, sem áður var ráðgert að nýta undir leiksvæði, sem er um 1.600 m² samfélagsþjónustusvæði skv. Aðalskipulagi (sjá mynd, dökk blái reitur), fyrir stærra svæði úr Krosslandi eystra, (sjá mynd, ljósblái reitur).

Svæðið sem væntanlega fellur í hlut sveitarfélagsins mun rúma nýtt leiksvæði og göngustíg. Eins og áður kom fram hefur verið samþykkt að fela Umhverfis- og skipulagsdeild að ganga frá drögum að samkomulagi milli landeigenda og að hefja vinnu við gerð aðalskipulagsbreytingar, deiliskipulagsbreytingar og gerð merkjalýsinga vegna fyrirhugaðra landskipta.



GÖNGUSTÍGUR MEÐFRAM EIÐISVATNI

Í sumar var áfram haldið með lagningu göngustígs meðfram Eiðisvatni og lagðir voru 490m um jarðirnar Stóru-Fellsöxl og Fellsenda. Það var Jónas Guðmundsson ehf. sem sá um verkið fyrir Hvalfjarðarsveit. Heildarlengd stígsins er nú um 1.500m og hafa bekkir verið settir upp á tveimur stöðum við göngustíginn. Íbúar og gestir eru hvattir til að nota og njóta stígsins í einstakri náttúru sveitarfélagsins.





UMHVERFISVIÐURKENNING HVALFJARÐARSVEITAR 2025

Umhverfisviðurkenning Hvalfjarðarsveitar var endurvakin í ár eftir margra ára hlé sem hvatning til íbúa að hugsa vel um nærumhverfi sitt og veita þeim viðurkenningu sem skara framúr í snyrtimennsku og umhirðu garða sinna eða býlis.

Viðurkenninguna í ár hlutu fyrir snyrtilegasta býlið, ábúendur á Eystra-Súlunesi I og II, þar búa hjónin Helgi Bergþórsson og Sigrún Ólafsdóttir, og hjónin Björgvin Helgason og Dagný Hauksdóttir.

Fyrir snyrtilegasta garðinn hlutu viðurkenninguna íbúar að Hlíðarbæ 18, hjónin Brynhildur Bjarnadóttir og Kristján Karl Hilmarsson.

Viðurkenninguna afhentu Birkir Snær Guðlaugsson formaður menningarnefndar og Elín Ósk Gunnarsdóttir fyrir hönd dómnefndar.



GÖNGUR OG RÉTTIR Í HVALFJARÐARSVEIT 2025

A. Leitarsvæði Núparéttar

Núparétt: Leitarsvæðið nær yfir Leirár- og Melasveit og Svínadal norðan Laxár inn að mörkum Hlíðarfótar og Eyrar.

Leitardagur er á laugardegi fyrir rétt.

Fyrri leitir: 13.09.2025.

Fyrri rétt: 14.09.2025 kl 13:00.

Seinni leitir: 26.09.2025.

Seinni réttir: 27.09.2025 þegar smölun lýkur.

Leitarstjórar eru Baldvin Björnsson og Hannes Adolf Magnússon.

Réttarstjóri er Baldvin Björnsson.

Marklýsingamenn eru Helgi Bergþórsson og Atli Viðar Halldórsson.

Skilamenn í Hornsrétt eru Baldvin Björnsson og Hannes Adolf Magnússon.

B. Leitarsvæði Reynisréttar.

Leitarsvæðið nær yfir Skilmannahrepp allan, Innri-Akraneshrepp og Akraneskaupstað. Leitardagar skulu vera sömu daga og réttir eru.

Fyrri leitir: 27.09.2025.

Fyrri rétt: 27.09.2025 þegar smölun lýkur.

Leitarstjóri er Sigurgeir Guðni Ólafsson.

Réttarstjóri er Sævar Ingi Jónsson.

Marklýsingamenn eru Ólafur Sigurgeirsson og Lilja Guðrún Eypórsdóttir.

C. Leitarsvæði Svarthamarsréttar

Leitarsvæðið nær yfir Hvalfjarðarströnd, Svínadal allan sunnan Laxár og norðan Laxár að innanverðu allt að merkjum Eyrar og Hlíðarfótar og upprekstrarland Akraneskaupstaðar á Botnsheiði og land jarða í Skorradalshreppi sunnan Fitjaár allt að landi Litlu Drageyrar. Leitardagar eru föstudagur og laugardagur fyrir fyrri skilaréttir.

Fyrri leitir: 19.09 og 20.09.2025.

Fyrri rétt: 21.09.2025 kl 10:00.

Seinni leitir: 03.10. og 04.10.2025.

Seinni réttir: 05.10.2025 þegar smölun lýkur.

Leitarstjóri er Guðmundur Sigurjónsson.

Réttarstjóri er Arnheiður Hjörleifsdóttir.

Marklýsingamenn eru Guðmundur Sigurjónsson og Jón Ottesen.

Skilamenn í Oddstaðarétt eru Stefán Gunnar Ármannsson og Guðbjartur Þór Stefánsson.



ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDA STYRKUR

- Fyrir 0-18 ára
- 70.000 kr. á ári
- Að auki er 30.000 kr. sérstakur íþrótt- og tómstundastyrkur til barna og unglinga á tekjulágum heimilum.

Má nýta í allt íþrótt- og tómstundastarf, til dæmis:

- SumarGaman
- Ungbarnasund
- Íþróttaskóla
- Tónlistarnám
- Sveitanámskeið ... og margt fleira!

Hægt er að sækja um styrk í gegnum Sportabler við skráningu í íþróttir eða tómstundir, eða [hér](#)



ÓSKAÐ EFTIR ÁBENDINGUM OG TILLÖGUM VIÐ GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Hvalfjarðarsveitar fyrir árin 2026–2029 og er íbúum Hvalfjarðarsveitar gefinn kostur á að senda inn ábendingar og tillögur í tengslum við þá vinnu.

Allar tillögur og ábendingar verða teknar til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar. Ábendingar geta t.d. snúið að nýjum verkefnum, tillögum til hagræðingar í starfsemi Hvalfjarðarsveitar, verkefnum sem leggja þarf áherslu á eða annað sem íbúar telja mikilvægt að taka til skoðunar.

Áhugasamir íbúar eru hvattir til að skila inn tillögum eða ábendingum eigi síðar en 5. október 2025 í gegnum ábendingarhnapp á heimasíðu sveitarfélagsins: [Senda ábendingu til sveitarstjórnar | Hvalfjarðarsveit](#) eða á netfangið andrea@hvalfjardarsveit.is

Við hlökkum til að heyra frá ykkur

Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar

[Senda ábendingu](#)